

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 8. apríl 2014 og hófst kl. 15.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir tilkynntu forföll. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Íslensk málstefna fimm ára – yfirferð

Frh. sjá fg. stj. ÍM 3/2014, 2. lið. Haldið var áfram athugun á því hvaða markmið íslenskrar málstefnu hefðu ræst (*Íslenska til alls*, http://www.islenskan.is/Islenka_til_alls.pdf).

Í síðustu fundargerð stj. ÍM (3/2014) var sagt að „[...] kennsla í íslensku í kennaranámi væri nær horfin úr náminu“. Ábending barst frá Brynhildi Þórarinsdóttur. Hún segir: „Íslenska í kennaranámi er síður en svo horfin við Háskólann á Akureyri – nemendur taka mun meiri íslensku hjá okkur en fyrir lengingu kennaranámsins.“

Lagaleg staða íslenskrar tungu er nú tryggð í lögum (lög nr. 61/2011) en ekki tókst hins vegar að koma ákvæði um stöðu íslenskunnar inn í tillögur stjórnlagaráðs 2011 (http://stjornlagarad.is/other_files/stjornlagarad/Frumvarp_med_skyringum.pdf) þótt Málnefndin hefði beitt sér í því og sent bréf til ráðsins. Anna sagði að hlutur íslensku hefði aukist örlítið í aðalnámskrá grunnskóla og framhaldsskóla og heilmikil vakning hefði orðið í lestrarmálum á síðustu árum. Allir háskólar á Íslandi hafa sett sér málstefnu nema HR. Stjórnarmenn hafa á tilfinningunni að það hafi aukist á síðustu árum að kennsla í námskeiðum við háskóla fari eingöngu fram á ensku. Tímaritum á íslensku á ýmsum alþjóðlegum tímaritalistum sem notaðir eru í vinnumatskerfi háskólakennara hefur fjölgað. Nefnt var að lög í undankeppni söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva væru nú flutt á íslensku. Ákveðið var að skrifa Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (www.neminn.is) bréf og hvetja til þess að lög í Söngvakeppni framhaldsskólanna verði sungin á íslensku eins og áður var venja. Fjölgað hefur þáttum um íslenskt mál á síðustu árum, til dæmis Orðbragð á RÚV og Orð af orði (<http://dagskra.ruv.is/nanar/17243/>) á Rás 1. Styrkir til innlendrar kvikmyndagerðar hafa dregist saman. Áfram er veitt fé til íslenskukennslu erlendis þótt dregið hafi úr styrkjum. Formaður hefur á tilfinningunni að íslenskukennsla í erlendum háskólum sé á fallanda fæti.

Ákveðið var að nefndarmenn skiptu með sér verkum, Anna Sigríður athugar kafla um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, Haraldur kafla um háskóla og formaður kafla um lagalega stöðu íslensku. Þau munu lýsa því í stuttu máli hvaða markmið hafa ræst í hverjum kafla. Þessar samantektir verða síðan grunnur að greinargerð sem send verður mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Steinunn benti á átakið *Gang i sproget* (<http://gangisproget.dk/>) sem Danir hrintu úr vör til að fylgja eftir dönsku málstefnutillögum (*Sprog til tiden*). Hugsanlega þyrfti eitthvert slíkt átak til að fylgja eftir tillögum málstefnunnar.

2. Málræktarþing í nóvember – salur og fyrirlesarar

Frh. sjá fg. stj. ÍM 3/2014, 1. lið. Ákveðið hefur verið að mennta- og menningarmálaráðuneyti og Íslensk málnefnd hafi sameiginlega dagskrá laugardaginn 15. nóvember. Íslensk málnefnd heldur upp á 50 ára afmæli með málþingi og hátíðardagskrá vegna dags íslenskrar tungu verður á vegum ráðuneytis. Menntamálaráðherra verður viðstaddur og hyggst bjóða nefndarmönnum í Íslenskri málnefnd í móttöku síðar sama dag.

Ritara var falið að panta sal. Skilyrði fyrir leigu er að leyfi fáiast fyrir því að bjóða upp á veitingar frá Mjólkursamsölunni í hléi eins og hefð er fyrir.

3. Önnur mál

a) Ný vefsíða Íslenskrar málnefndar

Formaður bað um leyfi stjórnar til að láta hanna nýja vefsíðu Íslenskrar málnefndar. Ritari (Jóhannes) bjó til núverandi vefsíðu ÍM (www.islenskan.is) árið 2007 og hefur haldið henni síðan við. Útlit hennar er þó úrelt og þörf á einföldu vefumsjónarkerfi til að einfaldara sé að bæta við efni. Samþykkt var að láta hanna nýja vefsíðu nefndarinnar. Stjórn list vel á að hafa nýlega vefsíðu málræktarsjóðs sem fyrirmynd (www.malraektarsjodur.is). Ritari mun kanna þessi mál nánar.

b) Fjármál samstarfsnets norrænu málnefndanna

Íslensk málnefnd sér nú í ár um formennsku í samstarfsneti norrænu málnefndanna (*Netværket for sprognævnene i Norden*). Í ár er styrkur frá norrænu ráðherranefndinni til samstarfsnetsins 250.000 DKK sem fer óskiptur í að halda málnefndaþing og vinnufund samstarfsnetsins í Stokkhólmi í ágúst. Styrkurinn mun renna beint þangað en Íslensk málnefnd mun sjá um að gera grein fyrir fénu. Formaður hefur óskað eftir því að framtíðarskipan samstarfsins verði rædd á málnefndaþinginu í ágúst.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.50.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.